



## Áherslur og tillögur ASÍ um sjóði vinnumarkaðarins Atvinnuleysistryggingar – Fæðingarorlof – Ábyrgðasjóður launa

Febrúar 2018

Atvinnuleysistryggingasjóður, Fæðingarorlofssjóður og Ábyrgðasjóður launa eru sjóðir sem mynda mikilvæga afkomutryggingu fyrir launafólk. Sjóðirnir eru hluti af þríhliða samkomulagi aðila vinnumarkaðarins og stjórnvalda og fjármagnaðir með framlögum í gegnum tryggingargjöld sem eru ígildi iðgjalds.

**Undanfarin áratug hefur afkomutrygging launafólks í atvinnuleysistryggingum, fæðingarorlofi og ábyrgðasjóði launa rýrnað verulega að teknu tilliti til almennrar launaþróunar og leggur ASÍ þunga áherslu á að þessi réttindi verði endurreist nú þegar.**

Alþýðusambandið telur almennt eðlilegt að aðlaga tryggingargjald að fjárhagsstöðu vinnumarkaðstengdu sjóðanna en grundvallarforsenda þess að hægt sé að gera breytingar á iðgjaldi atvinnulífsins eru að réttindi launafólks í sjóðunum séu tryggð og þeim viðhaldið. Óásættanlegt er að fjármagna lækkun tryggingargjaldsins með því að rýra réttindi og afkomutryggingar launafólks sem samið hefur verið um í þessum mikilvægu tryggingarsjóðum.


### **Þróun tryggingagjaldsins**

Miklar breytingar hafa verið gerðar á einstaka liðum tryggingagjalds frá efnahagshruninu árinu 2008. Þrátt fyrir að eigið fé atvinnuleysistryggingasjóðs hafi verið með ágætum haustið 2008 var ljóst að þegar atvinnuleysi rauk upp úr 1% í um 9% á þremur mánuðum yrði að bregðast við því með hækkun atvinnutryggingagjaldsins. Varasjóðurinn dugði fram á mitt ár 2009 og í júní það ár náðist samkomulag milli stjórnvalda og aðila vinnumarkaðar um verulega hækkun gjaldsins og fór það hæst í nærri 4%. Í því samkomulagi var gert ráð fyrir að ef aðgerðir í efnahagsmálum og áætlanir um framvindu atvinnumála gengju eftir væri mjög mikilvægt að lækka gjaldið aftur í áföngum til þess að tryggja langtíma sátt um fjármögnun sjóðanna.

Strax á árinu 2012 fór tryggingargjaldið lækkandi, en þó ekki í þeim áföngum sem vænst hafði verið því stjórnvöld ákváðu að hækka svokallað almennt gjald, sem rennur til Tryggingastofnunar (gul lína á mynd) samhliða lækkun atvinnutryggingargjaldsins. Enn þann dag í dag er atvinnutryggingagjaldið hærra en það var fyrir hrun og svigrúm til þess að lækka það samhliða endurreisn réttinda. Almenna gjaldið er hins vegar nú nærri 1,3 prósentustigum hærri en það var fyrir hrun og tryggingagjaldið í heild ríflega 0,5 prósentustigum hærra.

Sé miðað við áætlaða þörf vinnumarkaðssjóðanna til að standa undir endurreisn réttinda og því að almenna tryggingargjaldið verði hið sama og á árinu 2010 eða 3,128% **má lækka tryggingargjaldið í heild um 1%.**

Þróun tryggingargjalds 2000 -2018 og áætluð þröf til ársins 2021



Sjá nánar töflu með þróun tryggingargjalds frá árinu 2000 í viðauka

### Vinumarkaðssjóðirnir

Vinumarkaðssjóðirnir þrír eru hluti af A-hluta ríkissjóðs en eru fjármagnaðir með mörkuðum tekjustofnum sem ætlað er að standa undir þeim réttindum sem launafólk nýtur, en voru áður í C-hluta ríkissjóðs. Þetta leiðir til þess að þegar staða sjóðanna er góð, líkt og nú er, skilar jákvæð afkoma sjóðanna sér sem jákvæð afkoma ríkissjóðs en jafnframt „skuld“ ríkissjóðs við sjóðina. Að sama skapi leiðir neikvæð afkoma sjóðanna í efnahagssamdrætti til þess að afkoma ríkissjóðs versnar þegar ríkið þarf að endurgreiða þessa skuld við sjóðina. Í hagstjórnarlegu tilliti er þetta afar óskynsamlegt og leiðir til verulegs þrýstings á stöðu réttinda launafólks eins og dæmin sanna. ASÍ telur því nauðsynlegt að færa sjóðina þrjá aftur yfir í C-hluta ríkissjóðs til þess að tryggja að markaðir tekjustofnar þeirra verði nýttir til þess að standa undir fjármögnun tiltekinna réttinda.

Tillögur ASÍ um endurreisn réttinda í Atvinnuleysistryggingasjóði, Fæðingarorlofssjóði og Ábyrgðasjóði launa, sem nánar er greint frá hér að neðan, byggja í fyrsta lagi á því að sjóðirnir þrír verði gerðir sjálfstæðir og færðir í C-hluta ríkissjóðs, að markaðir tekjustofnar í gegnum hlutdeild í tryggingargjaldi séu með þeim hætti að þeim verði kleift að gera áætlanir til framtíðar og safna í varasjóð þegar vel árar. Í öðru lagi byggja tillögunar á því að iðgjöld til sjóðanna hækki um samtals 0,29% af tryggingargjaldsstofni á næstu þremur árum.

	Iðgjöld						Áætluð iðgjaldþörf		
	2013	2014	2015	2016	2017	2018	2019	2020	2021
Atvinnuleysistryggingar	2,05%	1,45%	1,35%	1,35%	1,35%	1,35%	1,10%	1,10%	1,10%
Ábyrgðarsjóður launa	0,30%	0,05%	0,05%	0,05%	0,05%	0,05%	0,04%	0,04%	0,04%
Fæðingarorlofssjóður	1,28%	0,65%	0,65%	0,65%	0,65%	0,65%	1,10%	1,15%	1,20%
<b>Samtals</b>	<b>3,63%</b>	<b>2,15%</b>	<b>2,05%</b>	<b>2,05%</b>	<b>2,05%</b>	<b>2,05%</b>	<b>2,24%</b>	<b>2,29%</b>	<b>2,34%</b>

# 1/ Atvinnuleysistryggingar


ASÍ leggur áherslu á:

- Leiðrétt verði nú þegar það misræmi sem er á milli bóta atvinnuleysistrygginga og lægstu launa með hækkun á grunnfjárhæð atvinnuleysisbóta í 300.000.
- Breytingarnar rúmast vel innan núverandi hlutdeildar Atvinnuleysistryggingarsjóðs í tryggingargjaldsstofni að því gefnu að sjóðurinn verði gerður sjálfstæður og markaður tekjustofn til framtíðar.

## Nánari greining:

Í sögulegu samhengi var lengst af skýr fylgni milli atvinnuleysisbóta og lægstu launa í landinu. Atvinnuleysisbætur voru fram til ársins 1993 miðaðar við laun fyrir fulla dagvinnu í almennri fiskvinnslu skv. kjarasamningum á hverjum tíma. Með breytingum á lögum um atvinnuleysistryggingar árið 1993 var sú tenging rofin og fjárhæð atvinnuleysisbóta ákveðin í fjárlögum. Í kjölfarið fór bilið milli lægstu launa á vinnumarkaði og atvinnuleysisbóta vaxandi og á árinu 2004 voru hámarksbætur atvinnuleysistrygginga komnar niður fyrir 80% af lágmarkslaunum fyrir fulla dagvinnu. Það misræmi var leiðrétt með samkomulagi við stjórnvöld í tengslum við kjarasamninga á árunum 2004 og 2005. Á árunum 2007-2009 námu grunnbætur atvinnuleysistrygginga 90-95% af lægstu launum fyrir fulla dagvinnu á vinnumarkaði. Síðan þá hafa atvinnuleysisbætur dregist verulega aftur úr launaþróun og sl. áratug hefur hlutfallið farið stöðugt lækkandi. Að óbreyttu munu grunnbætur atvinnuleysistrygginga fara niður í tæp 76% á þessu ári.

Grunnbætur atvinnuleysistrygginga nema nú 227.417 krónum á mánuði en lægstu laun skv. kjarasamningum munu í maí á þessu ári nema 300.000.



Samkvæmt 33. grein laga nr. 54/2006 um atvinnuleysistryggingar skulu fjárhæðir atvinnuleysisbóta koma til endurskoðunar ár hvert með tilliti til þróunar launa, verðlags og efnahagsmála. Ráðherra er heimilt að fengnu samþykki ríkisstjórnar að breyta með reglugerð fjárhæð atvinnuleysisbóta til hækkunar ef verulegar breytingar verða á launaþróun og þjóðhagsforsendum frá afgreiðslu fjárlaga. Ljóst er af þróun atvinnuleysisbóta undanfarin áratug að stjórnvöld hafa ekki farið að lögum hvað þetta varðar, þrátt fyrir góða stöðu efnahagsmála og góða stöðu atvinnuleysistryggingarsjóðs.

Alþýðusambandið telur að leiðrétta þurfi nú þegar það misræmi sem er á milli bóta atvinnuleysistrygginga og lægstu launa og hækka grunnfjárhæð atvinnuleysisbóta í 300.000 krónur á mánuði.

### **Fjármögnun:**

Atvinnuleysistryggingasjóður sem fjármagnaður er með iðgjaldi sem nemur 1,35% hlutdeild í tryggingargjaldsstofni hefur á undanförunum árum verið rekinn með miklum afgangi. Áætlaður afgangur ársins 2017 nemur tæpum 7,5 milljörðum króna og áætla má tæplega 4 milljarða afgang á yfirstandandi ári. Þessir fjármunir nýtast ekki til að bæta réttindi í sjóðnum heldur renna til ríkissjóðs í lok árs.

Hækkun grunnfjárhæða til samræmist við lægstu laun rúmast vel innan núverandi hlutdeildar Atvinnuleysistryggingarsjóðs í tryggingargjaldsstofni. Mat ASÍ er að 1,1% iðgjald dugi til að fjármagna hækkunina og standa undir réttindum í sjóðnum til framtíðar að því gefnu að sjóðurinn verði færður úr C-hluta ríkissjóðs. Tillaga ASÍ gerir ráð fyrir að lækka megi núverandi iðgjald til Atvinnuleysistryggingarsjóðs úr 1,35% í 1,1% og færa mismuninn, 0,25% yfir til Fæðingarlofssjóðs til að endurreisa iðgjald og réttindi í þeim sjóði.


## **2/ Fæðingarorlof**

### **ASÍ leggur áherslu á:**


- Hámarkgreiðslur úr Fæðingarorlofssjóði hækki í 645.000 frá 1. janúar 2018
- Fyrstu 300.000 krónur af viðmiðunartekjum foreldra á mánuði greiðist óskertar og 80% af viðmiðunartekjum eftir það – Breytingin taki gildi frá 1. janúar 2018.
- Fæðingarorlof verði lengt úr 9 í 12 mánuði í áföngum á árunum 2020-2022.
- Breytingarnar verði fjármagnaðar annars vegar með tilfærslu á hluta tryggingargjalds frá Atvinnuleysistryggingarsjóði til Fæðingarorlofssjóði og hins vegar eð tilfærslu frá almenna gjaldinu til Fæðingarorlofssjóðs á árunum 2019-2021.

### Nánari greining:


Hámarksgreiðslur úr fæðingarorlofssjóði lækkuðu mikið í kjölfar efnahagshrunsins, fóru úr tæpleg 536.000 krónum á árinu 2008 niður í kr. 300.000 á árunum 2010-2013. Hámarksgreiðslurnar hækkuðu í 350.000 á árinu 2013 og 370.000 á árinu 2014 en voru svo óbreyttar til ársins 2017 þegar þær hækkuðu í kr. 500.000 á mánuði. Í upphafi árs 2018 var hámarksgreiðslan hækkuð í 520.000. Hámarksgreiðslur úr sjóðnum eru því enn lægri að krónutölu en þær voru fyrir ríflega áratug síðan en á sama tíma hefur verðlag hækkað um ríflega 60% og laun um tæplega 100%.



Kaupmáttur hámarksgreiðslna úr sjóðnum hefur því lækkað mikið sl. áratug þó hann hafi heldur hækkaði á liðnu ári, en hann er nú tæplega 40% lægri en hann var á árinu 2007 (mynd 2). Séu hámarksgreiðslur úr Fæðingarorlofssjóði skoðaðar sem hlutfall af meðallaunum hafa þær á síðustu 10 árum farið úr því að vera ríflega 120% af meðallaunum fullvinnandi launafólks á almennum vinnumarkaði niður í um 66% á árinu 2017 (mynd 3). Sístækkandi hópur foreldra sem fær greiðslur úr sjóðnum verður því fyrir umtalsvert meira tekjutapi en sem nemur þeim 20% sem miðað er við í lögum um fæðingarorlof.





### Hámarksgreiðslur úr Fæðingarorlofssjóði sem hlutfall af meðallaunum 2007-2017



Samkvæmt skýrslu samstarfshóps um framtíðarstefnu í fæðingarorlofsmálum frá mars 2016 þar sem fulltrúar aðila vinnumarkaðarins áttu sæti ásamt fulltrúum stjórnvalda og sveitarfélaga, hefur hlutfall feðra sem nýta sér hluta af sameiginlegum rétti foreldra til fæðingarorlofs farið lækkandi frá árinu 2009 þegar hámarksgreiðslur úr Fæðingarorlofssjóði tóku að skerðast eftir að hafa aukist jafnt og þétt fram að þeim tíma. Auk þess hefur hlutfall feðra sem ekki fullnýta rétt sinn til fæðingarorlofs aukist verulega frá sama tíma. Versnandi afkomutrygging foreldra í fæðingarorlofi vinnur þannig gegn þeim meginmarkmiðum laganna um að fæðingarorlofskerfið tryggi barni samvistir við báða foreldra og geri bæði konum og körlum kleift að samræma fjölskyldu- og atvinnulíf.

**Tillögur starfshópsins voru eftirfarandi og leggur ASÍ áherslu á að þeim verði komið í framkvæmd nú þegar:**

- **Hámarksgreiðslur til foreldra í fæðingarorlofi hækki í 600.000 þann 1. janúar 2017 og sú fjárhæð taki breytingum í samræmi við breytingar á launavísitölu ár hvert.**
  - M.v. breytingar á launavísitölu frá ársbyrjun 2017 er þessi tala um **645.000 í janúar 2018**
- **Fyrstu 300.000 kr. af viðmiðunartekjum foreldra á mánuði greiðist óskertar og 80% af viðmiðunartekjum eftir það.**
  - ASÍ leggur áherslu á að sú viðmiðunarfjárhæð sem greidd er óskert fylgi þróun lægstu launa á vinnumarkaði á hverjum tíma.
- **Fæðingarorlof verði lengt í 12 mánuði. Réttur mæðra verði 5 mánuðir, réttur feðra 5 mánuðir og sameiginlegur réttur foreldra 2 mánuðir.**
  - Miðað var við að lenging tæki gildi í skrefum á þremur árum og hæfist tveimur árum eftir hækkun hámarksgreiðslna. Þannig mætti gera ráð fyrir að fæðingarorlof yrði lengt í tíu mánuði 1. janúar 2020, ellefu mánuði 1. janúar 2021 og loks í 12 mánuði þann 1. janúar 2022.



Ofangreindar breytingar bæta afkomuþryggingu foreldra í fæðingarorlofi til muna. Þannig fengu foreldrar með tekjur upp að 300.000 fullar tekjur í fæðingarorlofi og hlutfallið færi svo stíg lækkandi með hækkandi tekjum. Foreldrar með 800.000 krónur í viðmiðunartekjur á mánuði fengu 80% af tekjum sínum og eftir það færi hlutfallið lækkandi. Breytingin eykur kaupmátt hámarksgreiðsla umtalsvert eða um 25% og hann yrði þá fjórðungi lægri en á árinu 2007 og hámarksgreiðslan yrði nær 90% af meðallaunum fullvinnandi launafólks á vinnumarkaði.

### Fjármögnun breytinganna:

Tillaga um hækkun á hámarksgreiðslum í 645.000 frá 1. janúar 2018 auk breytinga á tekjuskerðingarreglum þar sem fyrstu 300.000 kr. viðmiðunartekjurnar yrðu ótekjutengdar kostar að mati ASÍ um 5 milljarða króna í heild sem kemur að fullu til á þriggja ára tímabili. Lenging orlofsins úr 9 í 12 mánuði á árunum 2020-2022 kostar samtals um 5,3 milljarða. Breytingarnar í heild má fjármagna annars vegar með tilfærslu á 0,25% iðgjaldi af tryggingargjaldi frá Atvinnuleysistryggingarsjóði til Fæðingarorlofssjóðs og hins vegar með tilfærslu á 0,3% frá almenna tryggingagjaldinu. Iðgjaldspörf til fæðingarorlofssjóðs yrði þá 1,2% af tryggingargjaldsstofni þegar breytingarnar yrðu að fullu komnar til framkvæmda á árinu 2022 sem er lægra iðgjald en sjóðurinn hafði til umráða á árinu 2013 þegar það var lækkað úr 1,28% í 0,65% af tryggingargjaldsstofni.

## 3/ Ábyrgðasjóður launa



### ASÍ leggur áherslu á:

- Að hámarksábyrgð Ábyrgðarsjóðs launa verði hin sama og nemur hámarksgreiðslum úr Fæðingarorlofssjóði eða 645 þús.kr. á mánuði og taki breytingum til samræmis við launavísitölu um hver áramót.

### Nánari greining:

Hámarksábyrgð Ábyrgðarsjóðs launa vegna vangoldinna launa eða bóta vegna slita á ráðningasamningi hefur nú verið óbreytt kr. 385.000 fyrir hvern mánuð frá 1. janúar 2015 og hafði þá staðið í stað í kr. 374.000 frá árinu 2009. Sett í samhengi við þróun meðallaun fullvinnandi launafólks á almennum vinnumarkaði hefur hámarksábyrgð Ábyrgðarsjóðs farið úr

Því að vera tæplega 90% meðallauna þegar það var hæst á árinu 2009 niður í rúm 50% á árinu 2017. Þannig hefur kaupmáttur hámarksábyrgðarinnar á tímabilinu lækkað um ríflega 24%.





### Fjármögnun breytinganna:

Stjórn Ábyrgðarsjóðs launa hefur látið meta kostnað við hækkun hámarksins í rúmar 633 þús.kr. og er niðurstaða þess að það myndi hækka útgjöld sjóðsins um 4,2% og hefði ekki teljandi áhrif á fjárhagslega stöðu hans né getu. Jafnframt er ljóst að núverandi iðgjald upp á 0,05% af stofni tryggingagjalds er óþarflega rúmt og mætti lækka í 0,04% án þess að skerða langtíma getu sjóðsins til að standa undir fyrrgreindri hækkun á hámarksfjárhæð.





## Viðauki – Forsendur áætlunar um fjármögnun vinnumarkaðssjóðanna til ársins 2030:


Áætlun ASÍ um fjármögnun vinnumarkaðssjóðanna byggir á eftirfarandi þróun um fjölgun á vinnumarkaði og atvinnuleysi á tímabilinu fram til ársins 2030. Þá er gert ráð fyrir að laun vaxti að jafnaði um 5% á ári að nafnvirði á tímabilinu.



Áætluð afkoma og eigið fé sjóðanna til ársins 2030 er eftirfarandi:



### Afkoma Fæðingarorlofssjóðs til ársins 2030 - milljónir króna -



### Eiginfjárstaða Fæðingarorlofssjóðs til ársins 2030 - milljónir króna -

